

Mál nr. 253/2016
M og
vátryggingafélagið V v. fjölskyldutryggingar

Skemmdir á parketi þegar hælpuði á háhæluðum skóm datt af 12.6.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16.8.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 29.8.2016.

Málsatvik.

M segist hafa verið stödd í skírnarveislu þegar hælpuði datt undan skóm hennar án þess að hún hefði vitað af því og það hefði valdið tjóni á parketi. M krefst þess að greiddar verði skaðabætur vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að tjónið á parketinu verði ekki rakið til sakar M og M hafi ekki gert sér grein fyrir að hælpuðinn undir öðrum skó hennar hefði dottið af fyrr en eftir skírnarveisluna.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á eða því haldið fram að M hafi vitað af því þegar hún fór inn á parketgólf í skírnarveislunni að hælpuði hefði dottið undan skóm hennar. M var heimil för inn á gólfið á skónum og ekkert bendir til að M hafi sýnt af sér saknæma háttsemi eða M hafi vitað af því að hælpuðinn datt af skónum þegar hún var í veislunni. M á því ekki rétt á V bæti það tjón sem varð á parketinu sem hér ræðir um.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á því að greiddar verði bætur vegna skemmda á parketi úr fjölskyldutryggingu hennar hjá V.

Reykjavík 20.9.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.